

## Súluösp sem neitaði að vera súluösp

Viðurkenning fyrir tré ársins 2024 var veitt í ellefta sinn af Skógræktarfélagi Hruna-  
mannahrepps þann 7. september sl. Í ár voru það hjónin Örn Einarsson og Marit  
Anny Einarsson sem fengu verðlaunin fyrir Súluösp, stundum kölluð Súlu blæösp,  
(Populus-Tremula "Erecta").


Örn byrjaði upp úr 1980 að reyna að verða sér út um rôtarskot af súluösp frá Nor-  
egi, og um 1984 tókst það svo eitthvað vit var í. Súluösp var þá til í Lystigarðinum á  
Akureyri og í Grasagarðinum í Reykjavík, en engin áhugi var á fjölgun hennar þá.

Örn hefur einu sinni látið vefjarækta súluösp fyrir sig, um 500 stk og fékk hann þá 4  
stk. sem stökkbreyttust í aðra átt. „Súluösp sem neitaði að vera súluösp, bara flott  
tré,“ eins og Örn orðar það. Á myndunum má sjá þau hjón við tréð fallega í garði-  
num þeirra að Högnastíg 12 á Flúðum.



# Verkefni fyrir yngstu og elstu íbúana í bígerð

Sveitarstjórn hefur ákveðið að skipa spretthóp sem vinna á tillögu að hugmyndum um viðbyggingu og endurbótum á húsnæði Leikskólans Undralands með það fyrir augum að mætt verði þeirri þörf fyrir leikskólapláss sem viðbúið er að myndist í sveitarfélaginu á næstu árum. Í því sambandi má benda á að yngstu árgangar íbúa eru nokkuð fjölmennir en sem dæmi má nefna að um 30 börn eru skráð í sveitarfélaginu sem fædd eru árin 2022, 2023 og sem af er ársins 2024. Hér er einnig búið að úthluta lóðum fyrir 60-70 íbúðir og því er nokkuð ljóst að íbúum mun fjölga á næstunni og því brýnt að hægt sé að bjóða íbúum jafn sjálfsagða þjónustu og leikskólapláss við góð skilyrði. Í því sambandi má heldur ekki gleyma að starfsmenn leikskólans verða að búa við góð skilyrði svo við getum laðað hingað enn fleiri hæfa og góða starfsmenn og því er nauðsynlegt að bæta starfsmannaaðstöðu leikskólans um leið og fleiri leikskólaplássum verður bætt við.



Um leið og sveitarstjórn hugar að uppbyggingu í þágu þeirra sem yngstir eru í samfélaginu þarf einnig að hugsa um þann hóp sem elstur er. Sveitarstjórn hefur nú samþykkt samning við fyrirtækið Synergíu ehf um uppbyggingu á Heimalands reitnum svokallaða. Það er forsenda af hálfu Hrunamannahrepps fyrir úthlutun lóðanna að á þeim risi þjónustuíbúðir og/eða öryggis-

Íbúðir fyrir aldraða og/eða fatlað fólk, mögulega hjúkrunarheimili sem og félagsaðstaða og einnig dagdvöl fyrir aldraða. Gangi aftur á móti áform fyrirtækisins ekki eftir innan 8 mánaða frá undirritun samkomulagsins verður verkefnið og samstarfið endurskoðað og eða lóðaðhlutunin afturkölluð. Varðandi þær byggingar sem þegar eru á reitnum þá er Synergíu heimilt að fella þær að deiliskipulagi en sérstakur samningur verður gerður varðandi endurgjald til Hrunamannahrepps fyrir þau hús komi til þess að framkvæmdir hefjist á svæðinu. Það verður afar áhugavert að fylgjast með framgangi þessa verkefnis sem getur, ef af verður, gjörbreytt til hins betra lífsgæðum stórs hóps íbúa og væri það afar ánægjulegt.

Nú hefur hreinsistöðin sem var við enda Birkihlíðar verið færð á bakka Litlu Laxár undir Hofatúnið. Við þá framkvæmd verður til skemmtileg lóð fyrir þriggja íbúða raðhús sem væntanlega verður slegist um þegar lóðin verður auglýst á allra næstu dögum. Enda ekki oft sem hér kemur til úthlutunar raðhús á einni hæð, á árbakka í miðbæ Flúða, þar sem hver íbúð má vera um 100 m<sup>2</sup>.

Félagslíf vetrarins hefst af krafti eins og sjá má í Pésanum. Eru íbúar hvattir til að taka þátt í þeim viðburðum sem haldnir eru og því félagsstarfi sem er í boði því það má ekki gleyma því að maður er manns gaman og í sameiningu gerum við okkar góða samfélag enn betra.

Með von um ánægjulegt og líflegt haust.

Aldís Hafsteinsdóttir  
Sveitarstjóri

# BARNVÆNT SVEITARFÉLAG



Í Hrunamannahreppi er nú unnið að innleiðingu verkefnisins um barnvænt sveitarfélag. Íbúar eru hvattir til að kynna sér verkefnið á heimasíðunni barnvaensveitarfelog.is eða hjá umsjónarmanni verkefnisins Kolbrúnu Haraldsdóttur, kolbrun@fludaskoli.is.



2

ÖLL BÖRN ERU JÖFN



3

ÞAÐ SEM BARNINU  
ER FYRIR BESTU



6

LÍF OG ÞROSKI



12

VIRÐING FYRIR  
SKÖÐUNUM BARNNA



42

ALLIR VERÐA AÐ  
ÞEKKJA RÉTTINDI  
BARNNA

## 10. bekkur heimsótti Danmörku

Brottför var snemma nætur þann 26. ágúst og áður en að þið sem heima sátuð voruð búin að snæða hádegisverð vorum við búin að ferðast með rútu, flugvél og lest og ganga sveitt í ferðafötunum niður á hostelið og ná svo rölti á Strikinu. Með í för voru þrír starfsmenn og fjórir foreldrar enda myndarlegur hópur á ferð, alls 22 nemendur.

Við fengum einstaklega gott veður alla ferðina sem var kærkomið eftir hið íslenska sumar. Dagskráin var nokkuð þétt en að þessu sinni heimsóttum við skóla inni í Kaupmannahöfn, Nye Vesterbroskole. Þá voru allar skemmtanirnar eftir. Við fórum t.d. á Bakken, elsta skemmtigarð Danmerkur, í siglingu, í Sívala turninn, í dýragarðinn, stutt stopp á strönd, í Tivoli og svo eltum við lífverði drottningar frá Rosenborghöll þar sem verðirnir búa og yfir til Amalienborg þar sem konungsfólkið dvelur þegar það er í borginni. Hin æsispennandi eftirför endaði þannig að hluti hópsins villtist aðeins af leið en að lokum náðum við öll að sjá verði og nokkrir hættu sér nálægt einum slíkum fyrir myndatökur. Að öllum þessum





stöðum ólöstuðum fannst nemendum einna skemmtilegast á Bakken og sumir fóru út fyrir þægindarammann sinn þar, bæði nemendur og fullorðnir. Við lærðum heilmikið um nágrannaþjóð okkar, t.d. að reiðhjólaumferð ber að varast til jafns við bíla og að í mannmergð gildir hægri umferð meðal gangandi vegfarenda eins og í bílaumferðinni. Nemendur héldu vel unnar kynningar, sumir jafnvel tvær, um hina ýmsu staði sem við sáum, og fræddu okkur hin um margt forvitnilegt.

Þakkið færum við ykkur kæru íbúar Hrunamannahrepps sem gerðuð ferðina mögulega með framlögum ykkar til dósasöfnunar nemenda.




## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



**HUGMYND**

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14  
845 Flúðir

flight@simnet.is  
Sími 699 0757

# Fréttir úr Flúðaskóla

Skólinn var settur 22. ágúst og hefur ýmislegt verið haft fyrir stafni fyrir utan hefðbundið nám. 10. bekkur fór til Danmerkur, 8. bekkur fór í ferð með öðrum nemendum í uppsveitum og Flóa, svokallaða hristiferð, nokkrir nemendur fóru til Noregs vegna Erasmus verkefnis og margir hafa komið í heimsókn til okkar.

Dagana 19. og 20. september voru Smiðjudagar hér í skólanum. Þá koma saman nemendur á unglíngastigi í uppsveitum og Flóa og eru hér við nám og leik. Smiðjurnar eru þannig uppbyggðar, að nemendur geta valið um ýmsar smiðjur sem eru í boði og er tilgangurinn að auka val nemenda. Nemendur í 5.-7. bekk fóru á föstudeginum í Reykholt í smiðjur.

Núna voru í boði 12 smiðjur, þær voru: Textílmennit, málning, körfubolti, blak, ljósmyndun, tónlist, golf, tálgun, hestar, bakstur, kajak og knattspyrna. Eins og gefur að skilja eru sumar smiðjur vinsælli en aðrar en reglan er að tíundu bekkingar ganga fyrir ef það er hægt. Í allt voru hér 154 nemendur í smiðjum og á fimmtudagskvöldið tók síðan félagsmiðstöðin Zero við þangað til þau fóru heim. Í ár bættust Flóaskóli og Þjórsárskóli við en upphafið af smiðjum kemur frá Reykholti, Laugarvatni og Kerhól. Þetta er þriðja árið sem Flúðaskóli tekur þátt. Við getum ekki merkt annað en að nemendur séu ánægðir og vonandi er þetta samstarf komið til að vera.

Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir góðar undirtektir hjá þeim aðilum sem voru með smiðjur, það er ómetanlegt að samfélagið tekur þátt í að efla skólastarfið með þessum hætti.

*Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir,  
aðstoðarskólalstjóri*



# Miðfellshlaupið 2024

Miðfellshlaupið fór fram í fjórða sinn þann 1. júní sl. Það heppnaðist einstaklega vel þrátt fyrir hráslagalegt veður. Góð þátttaka var og tóku bæði börn og fullorðnir þátt, en hægt var að velja um 1, 2, 3, 5, eða 10 km göngu/hlaup. Að þessu sinni rann allur ágóði af hlaupinu til VISS á Flúðum sem er sértækt þjónustúrræði og jafnframt vinnustaður fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu frá 18 ára aldri þar sem veitt er hæfing, félagsþjálfun,

starfsþjálfun og vernduð vinna. Söfnuðust 237.000 kr. sem munu nýtast vel í því góða starfi sem þar er unnið. Þau Arnfríður Jóhannsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Gunnar Gunnarsson hafa haft veg og vanda að Miðfellshlaupinu og afhentu þau starfsfólki VISS ásamt leiðbeinendum styrkinn, nú á haustdögum. Vilja aðstandendur hlaupsins nota tækifærið og þakka öllum sem tóku þátt, styrktu hlaupið með einum eða öðrum hætti eða aðstoðuðu við framkvæmdina kærlega fyrir. Án ykkar væri þetta ekki hægt. Að lokum viljum við hvetja alla til að hreyfa sig reglulega og vonumst við til að sjá ykkur sem flest í Miðfellshlaupinu næsta vor en áætlað er að það fari fram um mán-aðarmótin maí/júní.



## FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**  
- þú færð þitt



botarettur.is

# Ungt fólk og Lýðheilsa 2024

Ungmennaráð Hrunamanna-  
hrepps og Ungmennaráð  
Skeiða og Gnúpverjahrepps  
fóru saman á ráðstefnuna  
UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA  
2024 sem haldin var að Reykj-  
um í Hrutafirði á vegum UMFÍ  
dagana 20. – 22. september.  
Ráðstefnan hefur verið haldin  
í 15 ár eða frá árinu 2009.

Saman komu um 100 ung-  
menni úr ungmennaráðum  
af öllu landinu. Hópurinn  
fékk yfirgripsmikla fræðslu  
um líkamlega, andlega og  
félagslega heilsu á laugar-  
degi. Á sunnudegi gafst þeim  
tækifæri til þess að ræða

við áhrifafólk úr pólitík, ráðherra o.fl. og koma áherslum ungs fólks á framfæri. Þann  
dag klæddust ungmenni bleikum fatnaði til minningar um Bryndísi Klöru, sem lést af  
sárum sínum eftir að hafa orðið fyrir hnífaárás á Menningarnótt í ágúst.

Ráðstefnan er mikilvægur vettvangur fyrir ungmennin en ekki síður mikið tækifæri fyrir  
starfsfólk sveitarfélaganna til þess að kynnast kollegum um land allt og bera saman  
bækur.



*Fyrir hönd ungmennaráða beggja sveitarfélaga,  
Þórarinn Guðni Helgason*

## HJÓNABALL 2025

**HJÓNABALL HRUNAMANNA VERÐUR HALDIÐ Í  
ÍÞRÓTTAHÚSINU Á FLÚÐUM 1. MARS 2025.**

**ENDILEGA TAKIÐ DAGINN FRÁ!**

**HJÓNABALLSNEFND**





## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðauðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
*Garðyrkjufæðingur*

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

### Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímarpantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



## Sundlaugin á Flúðum

**Vetraropnun**  
**16. ágúst - 31. maí**

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga  
frá kl. 16:00 - 20:30

Mánu- og fimmtudaga frá kl. 6:00 - 9:00  
(að öðru leyti lokað á fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga  
frá kl. 13:00 - 18:00

**Tækjasal hefur tímabundið verið lokað.  
Nýr og betri tækjasalur mun opna um  
leið og framkvæmdum lýkur.**

Árskort sem gilda í sundlaugina, íþrótta- og  
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði,  
aðeins 16.000 kr. Minnum á að hjá flestum  
stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

## Gróðurhúsamessa, biskupsheimsókn og margt fleira!

Kæru vinir, þá er kirkjustarfið farið að rúlla af stað hjá okkur. Kirkjuskólinn er á laugardagsmorgnum kl. 11 í Hrepphólakirkju í september og til 19. október. Þá eru fermingarstörfin sömuleiðis hafin með tilheyrandi fræðslusamverum og ferð í Vatnaskóg sem farin verður 23.-24. okt. nk. Í helgihaldinu er rétt að vekja athygli á „gróðurhúsamessu“ sem haldin verður í gróðurhúsi á Hverabakka sunnudagskvöldið 20. okt. kl. 20. Þar mun kirkjukórinn flytja léttu sálma og dægurlög sem hæfa umgjörðinni og sömuleiðis verða textar og orð tengd aðstæðum. Á allra heilagra messu, 3. nóv., minnumst við látinna ástvina en sú messa verður í Hrepphólakirkju kl. 11.

Þann 17. nóv. kl. 14 verður svo innsetningarmessa í Hrunakirkju en þá mun frú Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, setja sr. Óskar í embætti prófests í Suðurprófestsdæmi. Í athöfninni munu báðir kirkjukórar prestakallsins syngja við undirleik organistanna Þorbjargar og Eyrúnar. Á eftir verður boðið upp á kaffiveitingar í félagsheimilinu á Flúðum og að sjálfsögðu eru allir hjartanlega velkomnir. Að lokum skal minnt á fésbókarsíðu prestakallsins okkar, [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall), en þar eru viðburðir í helgihaldi prestakallsins auglýstir ásamt því að birtast á íbúasíðum sveitarfélaganna tveggja. Ég hlakka til samfunda í helgihaldinu. Þar er gott að eiga stefnumót, treysta böndin og hressa andann. Guð blessi okkur haustið og veturinn framundan.

Sr. Óskar H. Óskarsson, sóknarprestur

*Fóttaæðgerðastofa*  
**Öddu Siggu**  
Miðfelli 2a  
Tímappantanir í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.  
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.  
**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir  
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.  
**Gísli Laugum**  
Sími 861 9682



  
**Löggiltur rafverktaki  
/ bílaflutningur**  
**Axel**  
Sími 860 7073

# 20 ára afmæli Kofavinafélagsins Ásæl

Í tilefni af 20 ára afmæli félagsins ætlum við halda veislu 25. október nk.

Veislan verður haldin á Kaffi-Sel líkt og þegar 10 ára afmæli félagsins var fagnað. Boðið verður upp á fordrykk, kvöldverð og almenna gleði.

Nánari upplýsingar eins og um verð á kvöldverði, dagskrá og skráningardagur verða auglýstar á næstunni.

Takið kvöldið frá og við vonumst til þess að sjá sem flesta.

*Kveðja, Stjórn Ásæl*



## Útivistartími barna Outdoor hours for children

SAMKVÆMT 92. GREIN BARNAVERNDARLAGA (NR. 80/2002) ERU ÚTIVISTARTÍMAR  
BARNA OG UNGLINGA SEM HÉR SEGIR:

ACCORDING TO 92. ART. OF CHILD PROTECTION ACT (NR. 80/2002):

### Útivistartími yfir vetrartímann (1. september til 1. maí)

- Börn 12 ára og yngri mega lengst vera úti til klukkan 20:00.
- Börn 13 til 16 ára mega lengst vera úti til klukkan 22:00.

### During the school period (From 1st September until 1st May)

- Children, 12 years old or younger, may not be outside their home after 20:00 pm.
- Children, 13 to 16 years of age, may not be outside their home after 22:00 pm.



Aldursmörk miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Sem þýðir að 1. janúar þess árs sem börn verða 13 eða 16 ára lengist útivistartími.

The child's birth year rather than its birthday applies.



KVENFÉLAG HRUNAMANNA KYNNIR:

# Kvennakvöld 2024

18. október

FRÁ KLUKKAN 19.30-01.00 Í FÉLAGSHEIMILI HRUNAMANNA, FLÚÐUM



FORDRYKKUR Í BOÐI MEKKA WINES & SPIRITZ  
VÖRUKYNNINGAR  
KAHOOT KEPPNI  
TRÚBADOR OG FJÖLDASÖNGUR  
BORÐSKREYTINGAKEPPNI



**ÞEMA: GLAMOUR OG GLÆSILEIKI**

AÐGANGSEYRIR: 3500KR

ALDURSTAKMARK: 20 ÁRA

Hægt að panta borð á kvhrhr@gmail.com

Sjá nánar á viðburði kvennakvöldsins á Facebook

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir ([hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is))

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir ([svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is))

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)

[www.fludir.is](http://www.fludir.is)